

Kæra foreldri/forsjáraðili,

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbílinu 6-10 ára 13 spurninga sem meta ánægju af lestri, vellíðan í skólanum og ánægju með skólann. Dæmi um spurningu um ánægju af lestri er: „Hvað finnst þér um að lesa í skólanum“, dæmi um spurningu um vellíðan í skólanum, er: „Þegar ég er í skólanum er ég hamingjusamur / hamingjusöm“ og dæmi um spurningu um ánægju með skólann er „Þegar ég er í skólanum finnst mér margt vera spennandi“.



Nemendur svara spurningalistanum nafnlaust með hjálp talgervils á netinu í skólanum með því að merkja við myndir sem eru lýsandi fyrir viðkomandi svarmöguleika (sjá mynd). Allir nemendur svara könnuninni í október og tekur um 10 mínútur að svara henni. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

**Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða fyrirlögn spurningalistans.** Ef þú ert mótfallin(n) því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).